



Úttekt og greining á fjárhags- stöðu íslenskra hafna 2015

Unnið fyrir Hafnasamband Íslands

2016

*Úttekt og greining á fjárhagsstöðu íslenskra hafna
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2016
Hag- og upplýsingasvið
Borgartúni 30
Pósthólf 8100 – 128 Reykjavík
Ábyrgðarmaður: Sigurður Ármann Snævarr
Ljósmynd á forsíðu: Valur Rafn Halldórsson*

Inngangur

Allt frá árinu 2000 hefur hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga tekið saman skýrslu um stöðu hafnarsjóða á ári hverju fyrir Hafnasamband Íslands. Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir afkomu og efnahag hafna á Íslandi á árinu 2015 eins og hún kemur fram í ársreikningum hafnarsjóðanna. Starfsmenn sambandsins öfluðu gagna frá hafnarsjóðum, ársreikningum og öðrum þeim upplýsingum sem eru grundvöllur að skýrslu þessari.

Aðildarhafnir

Alls eiga 35 hafnarsjóðir aðild að Hafnasambandi Íslands. Undir hafnarsjóði getur verið fleiri en ein höfn og alls eru þannig 70 hafnir innan vébanda hafnarsjóðanna. Hér að neðan má sjá upplýsingar um hafnarsjóði og aðildarhafnir að Hafnasambandi Íslands.

Faxaflóahafnir

Reykjavíkurhöfn
Akraneshöfn
Grundartangahöfn
Borgarneshöfn

Hafnarsjóður Snæfellsbæjar

Arnarstapahöfn
Rifshöfn
Ólafsvíkurhöfn

Grundarfjarðarhöfn

Stykkishólmshöfn

Reykholasveit

Flateyjarhöfn
Reykholahöfn

Hafnarsjóður Vesturbýggðar

Brjánslækjarhöfn
Patreksfjarðarhöfn
Bíldudalshöfn
Örlyghöfn

Táknafjarðarhöfn

Bolungarvíkurhöfn

Hafnarsjóður Ísafjarðarbæjar

Þingeyrarhöfn
Flateyjarhöfn
Suðureyjarhöfn
Ísafjarðarhöfn

Súðavíkurhöfn

Hólmavíkurhöfn

Hvammstangahöfn

Blönduósshöfn

Skagastrandarhöfn

Hafnarsjóður Sveitarfél. Skagafj.

Sauðárkrókshöfn
Hofsósshöfn
Haganesvíkurhöfn

Hafnarsjóður Fjallabyggðar

Síglufjarðarhöfn
Ólafsfjarðarhöfn

Hafnarsjóður Dalvíkurbyggðar

Dalvíkurhöfn
Árskógssandshöfn
Hauganeshöfn

Hafnasamlag Norðurlands

Hríseyjarhöfn
Hjalteyjarhöfn
Akureyrarhöfn
Svalbarðseyrarhöfn
Grenivíkurhöfn
Grímseyjarhöfn

Hafnarsjóður Norðurþings

Húsavíkurhöfn
Kópaskershöfn
Raufarhafnarhöfn

Hafnarsjóður Langanesbyggðar

Þórshafnarhöfn
Bakkafjarðarhöfn

Vopnafjarðarhöfn

Borgarfjarðarhöfn

Seyðisfjarðarhöfn

Hafnarsjóður Fjarðabyggðar

Mjóafjarðarhöfn
Norðfjarðarhöfn
Eskifjarðarhöfn
Reyðarfjarðarhöfn
Fáskrúðsfjarðarhöfn
Stöðvarfjarðarhöfn

Breiðdalsvíkurhöfn

Djúpavogshöfn

Hornafjarðarhöfn

Vestmannaeyjahöfn

Þorlákshöfn

Grindavíkurhöfn

Sandgerðishöfn

Reykjaneshöfn

Keflavíkurhöfn
Njarðvíkurhöfn
Helguvíkurhöfn
Hafnir
Grófin

Vogahöfn

Hafnarfjarðarhöfn

Hafnarfjarðarhöfn
Straumsvíkurhöfn

Kópavogshöfn


Flestar hafnir á Íslandi eru fiskihafnir að stærstum hluta eða jafnvel eingöngu. Straumsvíkurhöfn, Grundartangahöfn, Reyðarfjarðarhöfn og Reykhólahöfn þjóna sérstaklega ákveðnum iðnfyrirtækjum. Sundahöfn, sem er í eigu Faxaflóahafna er sérhæfð vöruflutningahöfn. Til viðbótar við þessar hafnir sem hér eru nefndar eru nokkrir minni löndunarstaðir víða um land ásamt Landeyjahöfn.

Hafnarsjóðir eru misstórir

Þeir 35 hafnarsjóðir sem fjallað er um í þessari skýrslu eru afar misjafnir að stærð og nauðsynlegt er að hafa það í huga þegar reynt er að gera fjármálum þeirra skil. Að rekstrarumfangi eru Faxaflóahafnir langstærsti hafnarsjóðurinn með tekjur upp á tæplega 3.168 m.kr. Á árinu 2015 öfluðu hafnarsjóðir í heild um 8.173 m.kr. tekna og hlutur Faxaflóahafna því 38,8% af heild. Næst Faxaflóahöfnum að stærð ganga Fjarðabyggðahafnir með um 860 m.kr. tekjur, eða rösklega fjórðung af tekjum Faxaflóahafna. Blönduóshöfn er minnst hafnarsjóða og skilar aðeins um 400 þús. kr. tekjum. Næst minnsti sjóðurinn er Vogahöfn með um 3 m.kr. í tekjur.

Í mynd 1 er hafnarsjóðum raðað eftir stærð og þeim síðan skipt í fimm jafna hópa með sjö í hverjum þeirra. Myndin sýnir að hæsti fimmtungurinn, sjö stærstu sjóðirnir, öfluðu nærfellt þriggja af hverjum fjórum krónum sem sjóðirnir öfluðu. Næsti fimmtungur aflaði hins vegar 14% teknanna og sá lægsti aðeins 1%.

Mynd 1. Tekjur hafnarsjóða.



Rekstrarafkoma

Upplýsingar um fjármál hafna eru fengnar úr ársreikningum hafnarsjóða, en ársreikningar bárust frá öllum hafnarsjóðum sem aðild eiga að hafnasambandinu nema einum. Í skýrslu þessari er horft framhjá viðskiptum hafnarsjóða sem ekki tengjast með beinum hætti hafnarstarfsemi. Hér er um að ræða hagnað af sölu lóða, en nokkrir hafnarsjóðir eru ríkir að löndum. Á árinu 2015 tekjufærðu Faxaflóahafnir 346 m.kr. hagnað af sölu lóða til Reykjavíkurborgar og er þeim tekjum sleppt í þessari skýrslu.

Ársreikningar hafnarsjóða lúta almennum reikningsskilareglum og þeim sérreglum sem reikningsskila- og upplýsinganefnd innanríkisráðuneytisins hefur sett sérstaklega um reikningsskil sveitarfélaga. Hafnarsjóðir eru skilgreindir sem B-hluta stofnanir í reikningum sveitarfélaga og koma því til sameiginlegs uppgjörs með A-hluta í samanteknum reikningsskilum sveitarfélaga. Sveitarfélög bera fulla ábyrgð á hafnarsjóðum eins og öðrum fyrirtækjum og stofnunum í B-hluta.

Heildstætt yfirlit um rekstur og efnahag sérhvers hafnarsjóðs er að finna í töflu í viðauka. Þar má sjá upplýsingar um tekjur, rekstrargjöld, laun og launatengd gjöld, afskriftir, framlegð, aflagjöld, fasta- og veltufjármuni, veltufjárhlutfall, veltufé frá rekstri ásamt stöðu lífeyrisskuldbindinga, skammtíma- og langtímalána.

Afkoma yfirlit

Í töflu 1 er dregið saman yfirlit um afkomu hafnarsjóða á árunum 2014 og 2015.

Tafla 1. Afkoma hafnarsjóða árin 2014 og 2015 í m.kr.

	Tekjur	Aflagjöld	Gjöld	Framlegð	Afskriftir	Lang tíma- skuldir	Skamm- tíma- skuldir	Lífeyris- skuldb.	Framlegð - skamm- tímask.
2014	7.378	1.797	4.352	3.026	1.326	12.305	2.439	889	587
2015	8.173	1.990	4.853	3.320	1.340	10.114	4.697	953	-1.377
Breyting m.kr.	795	193	501	294	13	-2.191	2.258	65	-1.964
Breyting, %	10,8%	10,7%	11,5%	9,7%	1,0%	-17,8%	92,6%	7,3%	

Hagur hafnarsjóða vænkaðist nokkuð frá 2014 til 2015. Heildartekjur þeirra jukust um 794 m.kr. milli ára, eða um 10,8%. Rekstrargjöld, þ.m.t. breyting á lífeyrisskuldbindingum, hækkuðu á hinn bóginn um 501 m.kr., sem er 11,5% hækkun. Framlegð hafnarsjóða hækkaði um 294 m.kr. frá 2014 til 2015, eða um 9,7%.

Tekjur og aflagjöld

Tafla 2 sýnir tekjur, gjöld og framlegð einstakra hafnarsjóða á árinu 2015 og hlutfall framlegðar af heildartekjum hafnarsjóða.

Tafla 2. Tekjur, gjöld og framlegð hafna, m.kr.

	Tekjur	Gjöld	Framlegð	Framlegð % af tekjum
Faxaflóahafnir	3.168,0	1.787,4	1380,6	43,6%
Fjarðabyggðarhafnir	861,9	396,5	465,4	54,0%
Hafnarfjarðarhöfn	514,2	344,0	170,2	33,1%
Vestmannaeyjahöfn	503,6	325,7	177,9	35,3%
Hafnasamlag Norðurlands	482,8	262,8	220	45,6%
Hafnir Ísafjarðarbæjar	263,1	143,4	119,7	45,5%
Reykjaneshöfn	250,9	214,3	36,6	14,6%
Grindavíkurhöfn	216,7	108,6	108,1	49,9%
Þorlákshöfn	186,3	157,3	29	15,6%
Hafnir Snæfellsbæjar	182,0	105,8	76,2	41,9%
Seyðisfjarðarhöfn	168,8	90,0	78,8	46,7%
Hafnir Fjallabyggðar	146,8	80,0	66,8	45,5%
Hornafjarðarhafnir	139,1	117,4	21,7	15,6%
Vopnafjarðarhöfn	115,5	23,7	91,8	79,5%
Hafnir Dalvíkurbyggðar	110,3	75,5	34,8	31,6%
Hafnir Vesturbyggðar	103,0	89,9	13,1	12,7%
Skagafjarðarhafnir	96,6	59,0	37,6	38,9%
Grundarfjarðarhöfn	92,8	48,2	44,6	48,1%
Bolungarvíkurhöfn	89,4	54,2	35,2	39,4%
Hafnir Norðurlþings	76,2	90,4	-14,2	-18,6%
Hafnir Langanesbyggðar	75,5	44,5	31	41,1%
Sandgerðishöfn	73,0	68,3	4,7	6,4%
Skagastrandarhöfn	63,4	29,5	33,9	53,5%
Stykkishólmsöfn	51,8	28,5	23,3	45,0%
Djúpavogshöfn	38,8	24,9	13,9	35,8%
Kópavogshöfn	25,1	20,4	4,7	18,7%
Breiðdalshöfn	17,7	12,1	5,6	31,6%
Tálknafjarðarhöfn	15,3	8,8	6,5	42,5%
Hólmavíkurhöfn	12,7	12,1	0,6	4,7%
Súðavíkurhöfn	11,0	7,0	4	36,4%
Borgarfjarðarhöfn	7,2	4,7	2,5	34,7%
Hvammstangahöfn	5,5	7,2	-1,7	-30,9%
Reykhólahöfn	4,9	6,5	-1,6	-32,7%
Vogahöfn	3,0	0,5	2,5	83,3%
Blönduóshöfn	0,4	3,8	-3,4	-850,0%
	8.173	4.853	3320,4	40,6%

Falast var sérstaklega eftir upplýsingum um tekjur af aflagjöldum frá sérhverjum hafnarsjóði og fengust svör frá öllum nema fimm minni sjóðum. Tekjur af aflagjöldum er stærsti tekjulíður hafna sem einkum eru fiskihafnir. Að meðaltali svöruðu aflagjöldin til um 24% af tekjum ársins 2015 sem er viðlíka og á árinu á undan. Það meðaltal segir þó litla sögu

þar sem stórir hafnarsjóðir með miklar tekjur hafa hlutfallslega litlar tekjur af aflagjöldum.

Tafla 3 sýnir þetta vel.

Tafla 3. Aflagjald hafna árið 2015

	Tekjur af aflagjöldum		Aflagjalds- prósenta
	M.kr.	Hlutf. af tekjum	
Faxaflóahafnir	253,2	8,0%	1,25%
Fjarðabyggðarhafnir	244,3	28,3%	1,26%
Vestmannaeyjahöfn	187,9	37,3%	1,38%
Grindavíkurhöfn	151,5	69,9%	1,60%
Hafnir Snæfellsbæjar	118,3	65,0%	1,60%
Hafnir Fjallabyggðar	101,7	69,3%	1,60%
Hafnir Ísafjarðarbæjar	101,3	38,5%	1,58%
Hafnarfjarðarhöfn	81,2	15,8%	1,27%
Hafnir Dalvíkurbyggðar	68,2	61,8%	1,60%
Bolungarvíkurhöfn	64,4	72,0%	1,60%
Hafnasamlag Norðurlands	63,2	13,1%	1,60%
Hornafjarðarhöfn	62,6	45,0%	1,60%
Þorlákshöfn	57,5	30,9%	
Skagastrandarhöfn	47,0	74,1%	1,60%
Grundarfjarðarhöfn	46,2	49,8%	1,39%
Seyðisfjarðarhöfn	45,3	26,8%	1,60%
Reykjaneshöfn	42,2	16,8%	1,60%
Sandgerðishöfn	41,8	57,3%	1,60%
Skagafjarðarhafnir	39,2	40,6%	1,60%
Hafnir Langanesbyggðar	35,4	46,9%	1,40%
Vopnafjarðarhöfn	33,8	29,3%	1,40%
Hafnir Vesturbyggðar	31,1	30,2%	1,60%
Djúpavogshöfn	22,7	58,5%	1,60%
Hafnir Norðurþings	22,0	28,9%	1,60%
Stykkishólmshöfn	12,4	23,9%	1,60%
Hólmavíkurhöfn	4,5	35,4%	1,75%
Súðavíkurhöfn	4,5	40,9%	
Borgarfjarðarhöfn	4,3	59,7%	1,60%
Hvammstangahöfn	1,7	30,9%	1,60%
Kópavogshöfn	0,3	1,2%	
Blönduóshöfn	-		
Breiðdalshöfn	-		
Reykhólahöfn	-		
Tálknafjarðarhöfn	-		
Vogahöfn	-		
Samtals	1.990	24%	1,46%

Lögum samkvæmt skal aflagjald vera 1,25% af aflaverðmæti hið minnsta og mest 3%. Álagning aflagjalda er misjafnt milli hafna. Stærstu hafnirnar sem byggja sína starfsemi

einkum á vöruflutningum eru með lægsta aflagjaldið. Faxaflóahafnir leggja á lágmarksgjald og Fjarðabyggðarhafnir aðeins brotinu hærra. Hólmavíkurhöfn innheimtir hins vegar hæsta gjaldið, 1,75%. Flestir hafnarsjóðir, eða 18 talsins, leggja á 1,6% gjald. Vegið meðaltal er 1,46%.

Þróun aflagjalds

Tekjur af aflagjaldi haldast í hendur við þróun aflaverðmætis, þar sem álagningarprósenta hefur lítt breyst á undanförunum árum og hlutur innlendra hafna í löndun heildarafla verið stöðugur, um og yfir 95% aflaverðmætis. Í töflu 4 má sjá þróun aflagjaldsins hjá hafnarsjóðum árin 2008 til 2015. Reiknað á föstu verðlagi m.v. vísitölu neysluverðs náðu tekjur af aflagjaldi hæstum hæðum árin 2011 og 2012, sem rekja má til lágs gengis krónunnar og hagstæðs afurðaverðs. Viðsnúningur í gengi, aflabrögðum og afurðaverði leiddu til minni hækkunar aflagjaldstekna árin 2013 og 2014, og lækkunar á föstu verði um samtals 11,5%. Aflagjöld skiluðu hafnarsjóðum í heild 10,7% meiri tekjum 2015 en 2014. Eins og tafla 4 ber með sér var þróun aflagjalds með ýmsum móti þegar horft er til einstakra hafnarsjóða.

Tafla 4. Aflagjöld 2008–2015, í m.kr. á verðlagi 2015, m.v. VNV

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	Br. 2014- 2015
Blönduóshöfn	0,1	-	0,1	-	-	-	-	-	-
Bolungarvíkurhöfn	34,8	43,5	56,6	64,5	70,0	61,0	55,6	64,4	15,8%
Borgarfjarðarhöfn	-	-	3,1	3,1	2,7	2,9	4,6	4,3	-6,0%
Breiðdalshöfn	-	0,2	4,7	11,8	8,1	9,6	10,0	-	-
Djúpavogshöfn	22,3	28,6	22,3	22,7	35,3	31,6	39,2	22,7	-42%
Faxaflóahafnir	174,1	229,2	176,8	298,7	233,3	232,1	230,9	253,2	9,6%
Fjarðabyggðarhafnir	204,9	168,4	228,1	265,4	258,4	258,9	211,3	244,3	15,6%
Grindavíkurhöfn	109,3	108,1	143,5	145,6	135,6	123,3	129,0	151,5	17,5%
Grundarfjarðarhöfn	51,7	46,8	43,1	48,6	49,2	47,7	47,4	46,2	-2,5%
Hafnarfjarðarhöfn	53,6	83,6	78,7	83,2	65,4	58,9	66,6	81,2	22,0%
Hafnasamlag Norðurlands	29,6	43,1	57,0	69,2	59,7	57,0	67,3	63,2	-6,1%
Hafnir Dalvíkurbyggðar	19,2	31,4	43,8	46,3	48,7	51,3	65,2	68,2	4,7%
Hafnir Fjallabyggðar	36,2	61,6	65,6	67,5	69,3	83,5	80,3	101,7	26,7%
Hafnir Ísafjarðarbæjar	32,7	43,7	48,6	63,2	75,8	101,3	88,0	101,3	15,1%
Hafnir Langanesbyggðar	34,1	29,7	29,8	34,0	50,0	43,9	25,0	35,4	41,6%
Hafnir Norðurþings	18,8	27,0	27,3	32,3	32,3	34,3	20,3	22,0	8,2%
Hafnir Snæfellsbæjar	123,1	137,1	138,0	136,7	126,7	112,7	117,8	118,3	0,4%
Hafnir Vesturbyggðar	23,6	25,5	25,0	29,6	38,8	32,6	36,3	31,1	-14,3%
Hornafjarðarhöfn	73,3	66,7	74,7	74,0	86,3	79,3	63,2	62,6	-1,0%
Hólmavíkurhöfn	2,6	2,1	5,2	5,2	6,5	8,9	5,1	4,5	-11,5%
Hvammstangahöfn	0,6	0,9	1,1	1,0	1,0	1,2	0,9	1,7	85,8%
Kópavogshöfn	0,6	0,5	1,4	1,2	0,5	0,5	0,5	0,3	-41,0%
Reykholahöfn	2,8	2,6	2,8	2,3	2,5	2,3	2,5	-	0,0%
Reykjaneshöfn	19,2	17,5	25,0	37,7	43,1	39,1	35,0	42,2	20,7%
Sandgerðishöfn	53,8	53,5	60,7	54,5	56,0	44,1	49,0	41,8	-14,7%
Seyðisfjarðarhöfn	38,0	20,6	20,4	26,1	32,0	23,7	30,4	45,3	49,1%
Skagafjarðarhafnir	36,9	47,4	55,3	48,0	48,7	46,6	35,6	39,2	10,2%
Skagastrandarhöfn	30,6	35,3	47,4	45,6	40,6	50,0	34,5	47,0	36,4%
Stykkishólshöfn	11,8	14,0	20,4	14,7	14,2	9,3	10,3	12,4	20,8%
Súðavíkurhöfn	1,0	2,7	2,5	2,7	2,5	3,2	4,7	4,5	-3,8%
Tálknafjarðarhöfn	8,2	12,0	9,4	9,0	5,2	8,3	7,9	-	0,0%
Vestmannaeyjahöfn	173,2	179,5	187,1	215,8	210,9	192,4	155,6	187,9	20,8%
Vogahöfn	-	-	-	-	-	-	-	-	0,0%
Vopnafjarðarhöfn	39,4	32,4	41,2	52,8	67,2	69,1	46,0	33,8	-26,6%
Þorlákshöfn	48,7	46,0	48,8	51,8	50,2	37,7	50,7	57,5	13,4%
Samtals	1.509	1.641	1.796	2.065	2.027	1.959	1.827	1.990	
Breyting f.f. ári		8,8%	9,4%	15,0%	-1,8%	-3,4%	-6,7%	8,9%	

Frekari sundurliðun á tekjum hafnarsjóða liggur ekki fyrir. Þær hafnir sem einkum eru flutningshafnir, s.s. Faxaflóahafnir, hafa mestar tekjur af vöru- og skipagjöldum. Skemmtiferðaskip venja komur sínar til Íslands í auknum mæli og koma við á ýmsum höfnum víðs vegar um landið, eins og tafla 5 sýnir. Komum fjölgaði um 130 frá 2014 til 2015. Ætla má að tekjur hafna af umferð þessara skipa fari vaxandi. Margar hafnir leggja einnig á sérstakt farþegagjald.

Tafla 5. Komur skemmtiferðaskipa 2014 og 2015

	Skipakomur		Farþegar 2015
	2014	2015	
Reykjavík	90	108	100.141
Akureyri	78	86	72.015
Ísafjörður	45	64	54.000
Vestmannaeyjar	22	31	8.036
Grundarfjörður	19	28	12.628
Seyðisfjörður	10	28	19.115
Siglufjörður	6	19	3.200
Grímsey	-	18	2.000
Húsavík	7	13	2.176
Stykkishólmur	1	11	1.375
Djúpivogur	7	10	3.598
Eskifjörður	9	9	5.521
Höfn	3	6	674
Hafnarfjörður	10	5	1.329
Arnarstapi		4	
Vesturbyggð	-	1	95
Samtals	307	441	285.903

Framlegð

Framlegð er mismunur heildartekna og breytilegs kostnaðar. Framlegð þarf að lágmarki að standa undir afskriftum og fjármagnskostnaði til þess að rekstur sé í jafnvægi. Samkvæmt reikningum hafnarsjóða nam framlegð þeirra um 3.320 m.kr. á árinu 2015. Svarar það til ríflega 40% af tekjum. Á árinu 2014 var framlegðin 3.026 m.kr. og 41% af tekjum. Framlegðin hækkaði um 294 m.kr. frá 2014 til 2015, eða um sem nemur 9,7%. Framlegð 17 hafnarsjóða var minni árið 2015 en 2014, en 18 sjóðir skiluðu meiri framlegð.

Rekstur sem ekki skilar jákvæðri framlegð hefur ekki fjárhagslegan styrk til að standa undir daglegum rekstri. Fjórir hafnarsjóðir skiluðu neikvæðri framlegð árið 2015 og sumir hafa verið í þeirri stöðu um nokkurt skeið. Í þessum tilvikum blasir við að engum er til að dreifa nema viðkomandi sveitarsjóðum til að brúa bilið svo hægt sé að starfrækja höfnina áfram. Þegar sveitarsjóður þarf að leggja hafnarsjóði til fjármuni þá eru þeir sömu fjármunir ekki nýttir til annarra hluta og hætt við að skerða þurfi aðra þjónustu við íbúa sveitarfélagsins.

Afskriftir

Afskriftir eru reiknuð stærð þar sem verið er að dreifa fjárfestingarkostnaði yfir lengri tíma og tekjufæra hann. Á árinu 2015 voru afskriftir að fjárhæð bókfærðar 1.340 m.kr., en til

samanburðar námu laun og launatengd gjöld 2.205 m.kr. Afskriftir námu þannig um 60% launakostnaði. Sýnir það hversu fjármagnsfrek starfsemi rekstur hafna er.

Það veldur ekki héraðsbresti þótt tekjur nægi ekki til að mæta kostnaði við afskriftir í eitt og eitt ár. Ef það er aftur á móti viðvarandi ástand þá getur reksturinn ekki staðið undir endurnýjun eigna þegar að því kemur.

Könnun meðal aðildarsjóða að Hafnasambandinu sem gerð var árið 2015 leiddi í ljós töluverða viðhaldspörf á hafnarmannvirkjum á næstu árum, eða sem nam að meðaltali 1.200 m.kr. árin 2016-2018, sem er viðlíka fjárhæð og nemur bókfærðum afskriftum. Ennfremur kom fram í könnuninni mikil þörf fyrir nýframkvæmdir, að meðaltali 5.400 m.kr. á fyrrnefndu tímabili.

Rekstrarhagnaður/tap

Niðurstaða um rekstrarhagnað fæst með því að leggja saman framlegð, afskriftir, og fjármagnsliði. Rekstrarhagnaður hafnarsjóða nam 1.453 m.kr. árið 2015, sem er 17,8% af tekjum. Um er að ræða verulegan viðsnúning frá fyrra ári þegar sjóðirnir skiluðu samtals 1.047 m.kr. eða 14,2% af tekjum. Mestur er viðsnúningur hjá Fjarðabyggðahöfnum, Vestmannaeyjahöfn og Reykjaneshöfn.

Tafla 6. Afkoma hafnarsjóða 2012–2015, m.kr.

	2012	2013	2014	2015
Afkoma hafna sem skiluðu hagnaði	1.453	1.980	1.665	2.004
Afkoma hafna sem skiluðu tapi	-884	-786	-572	-551
Rekstrarafgangur alls	569	1.195	1.048	1.453

Afkoma þeirra átta hafna sem reknar voru með tapi árið 2015 var neikvæð um samtals 551 m.kr. og þar af nam tap Reykjaneshafnar 397 m.kr. Jafnmargir sjóðir skiluðu rekstrartapi árinu áður.


Sjóðstreymi

Veltufé frá rekstri segir til um hve mikið lausafé verður eftir þegar búið að borga alla reikninga vegna daglegs rekstrar og hvað til ráðstöfunar er til að greiða afborganir lána og til fjármögnunar á fjárfestingum. Átta hafnarsjóðir voru með neikvætt veltufé frá rekstri árið 2015, eða tveimur fleiri en undanfarin ár.

Þekktasta kennitalan um sjóðstreymi er veltufjárhlutfall sem sýnir hlutfall milli skammtímaskulda og veltufjármuna. Þetta hlutfall er hærra en einn þegar veltufjármunir eru meiri en skammtímaskuldir. Veltufjárhlutfall þarf að vera yfir einum, að öðru óbreyttu, til að forða því að hafnarsjóður lendi í greiðsluferfiðleikum þar sem veltufé dugir ekki fyrir skammtímaskuldum og hætta er á að ekki sé hægt að greiða reikninga á gjalddaga.

Að meðaltali var veltufjárhlutfall hafnarsjóða 1,32 árið 2015, en árið áður var það 2,05. Lækkunina má alla rekja til Reykjaneshafnar, en stór afborgun sem gjaldfella skyldi árið 2016 var færð sem skammtímaskuld 2015 og fyrir vikið lækkar veltufjárhlutfall hafnarinnar umtalsvert. Ef Reykjaneshöfn er sleppt fæst að meðal veltufjárhlutfall hafnarsjóða hafi hækkað milli 2014 og 2015 úr 2,4 í 2,8. Á mynd 3 er dregið upp mynd af veltufjárhlutfalli hafnarsjóða. Myndinni er skipt í tvennt. Á vinstri hlið er sýnt veltufjárhlutfall þeirra hafnarsjóða sem eru með hlutfall undir 11, en á þeirri hægri eru hafnarsjóðir með veltufjárhlutfall yfir 11. Veltufjárhlutfall Djúpvogshafnar er langtum hærra en annarra sjóða, eða um 690 og sleppt í mynd 3. Þrettán hafnarsjóðir voru með veltufjárhlutfall undir einum og einn sjóður, Blönduóshöfn, með hlutfall jafnt einum. Til samanburðar má hafa að árið 2011 var veltufjárhlutfall 21 hafnarsjóðs undir einum.

Mynd 2. Veltufjárhlutfall einstakra hafnarsjóða 2015.




Efnahagur

Skuldir

Af töflu 1 má ráða að langtímaskuldir hafnarsjóðanna hafi lækkað verulega eða um tæpa 2.258 m.kr. Þessa lækkun langtímaskulda má hins vegar alla rekja til þess að gjalddagi var á stórri afborgun hjá Reykjaneshöfn og samsvarandi fjárhæð færð sem skammtímaskuld og langtímaskuldir lækkaðar sem því nemur. Heildarskuldir hafnarsjóða námu 14.811 m.kr. í árslok 2015 sem er nánast óbreytt frá 2014.


Mynd 3 sýnir að hlutfall heildarskulda, án skuldbindinga, og tekna hafnarsjóða hækkaði mjög í kjölfar hrunsins og fór hæst í 270% árið 2009. Skuldahlutfallið hefur lækkað á hverju ári síðan þá. Árið 2015 voru skuldir hafnarsjóða komnar niður í 180% af heildartekjum þeirra. Skuldastaðan í heild nálgast því þau 150% sem fjármálaregla sveitarstjórnarlaga kveður á um og skuli hjá samstæðu sveitarfélaga (A- og B-hluta).

Mynd 3. Skuldahlutfall 2002-2015



Skuldastaða einstakra hafnarsjóða á árinu 2015 var mjög misjöfn. Þyngst vegur þar Reykjaneshöfn og að henni slepptri lækkar meðal skuldahlutfallið niður í 87%. Á mynd 4 er skuldahlutfalli einstakra hafnarsjóða gerð skil. Á vinstri hlið eru sjóðir með skuldahlutfall undir 150% og hægra megin sjóðir með skuldahlutfall yfir því marki. Reykjaneshöfn skuldaði í árslok 2015 sem nemur þrítugföldum árstekjum og er höfninni sleppt í mynd 4.

Mynd 4. Skuldahlutfall einstakra hafnarsjóða 2015.



Í árslok 2015 námu viðskiptaskuldir hafnarsjóða við sveitarsjóði alls 4.933 m.kr.og báru fjórtán sjóðir slíkar skuldir. Skuld Reykjaneshafnar við Reykjaneshöfn er langmest eða 3.142 m.kr. Hafnir Norðurbings og Grindavíkurhöfn skulduð sveitarfélagi einnig verulegar fjárhæðir. Sveitarsjóðir hafa í vaxandi mæli þurft að hlaupa undir bagga með greiðslu rekstrarkostnaðar og afborgana lána hjá hafnarsjóðum.

Reykjaneshöfn er afar skuldsett og námu heildarskuldir hafnarinnar í lok árs 2015 7.749 m.kr. eða sem svarar til 54% af öllum skuldum hafnarsjóða. Staða Reykjaneshafnar er afar erfið, framlegð er lág, rekstrartap á árinu var tæplega 400 m.kr. og eigið fé var neikvætt um 5.027 m.kr. Veruleg óvissa er um rekstrarhæfi hafnarinnar, eins og kemur fram í áritun endurskoðenda í ársreikningi. Reykjaneshöfn stendur í ábyrgð fyrir skuldum Reykjaneshafnar. Sveitarfélagið hefur glímt við fjárhagsörðugleika um nokkra hríð og átt í viðræðum við kröfuhafa um niðurfærslu lána sem miðar að því að samstæðan, A- og B-hlutinn uppfylli kröfur sveitarstjórnarlaga um skuldahlutfall árið 2020.

Annar hafnarsjóður sem glímt hefur við miklar skuldir er Hafnir Norðurbings. Skuldir námu tæpum milljarði króna, að stórum hluta við sveitarsjóðs, en tekjur á árinu 2015 voru aðeins 76 m.kr. Framlegð hafnarsjóðsins var neikvætt um 14 m.kr.

Tafla 7. Fjárhagur hatnarstöða 2015, fjárhæðir í m.kr.

	Tekjur	Gjöld	Laun og launt.gj.	Framlegð	Framlegð % af tekjum	Afskriftir	Aftagjöld	Aftagjöld sem hlutf. af heildart.	Aftagjalds-þrósentna	Langtíma-skuldir	Skammt. skuldir	Lífeyris-skuldb.	Fasta-fjármunir	Veltu-fjármunir	Veltufjár-hlutfall	Vektufjár-vektufrá rekestri	Rekstrar-niðurstæða
Bílduðstöðin	0,4	3,8	-	3,4	-850,0%	1,4	64,4	0,0%	1,60%	-	0,3	-	19,1	0,3	1,0	3,3	1,4
Bolungarvíkurhöfn	89,4	54,2	26,2	35,2	39,4%	8,1	64,4	72,0%	1,60%	38,3	29,0	-	109,2	7,6	0,3	29,9	20,9
Borgarfjarðarhöfn	7,2	4,7	-	2,5	34,7%	0,9	4,3	59,7%	1,60%	-	5,5	-	22,8	1,7	0,3	2,5	1,6
Bréidáshöfn	17,7	12,1	8,8	5,6	31,6%	1,2	0,0%	0,0%	1,60%	-	0,3	-	36,4	2,8	9,3	5,6	4,4
Þjúpanogshöfn	38,8	24,9	10,8	13,9	35,8%	5,1	22,7	58,5%	1,60%	-	0,1	-	86,8	69,0	690,0	13,9	8,8
Faxaflóahafnir	3.168,0	1.787,4	785,3	1.380,6	43,6%	761,3	253,2	8,0%	1,25%	881,6	465,4	-	11.780,0	2.161,9	4,6	1.382,6	964,0
Fjarðabyggðarhafnir	861,9	396,5	169,1	465,4	54,0%	122,8	244,3	28,3%	1,26%	228,2	51,6	120,3	2.594,5	1.544,2	29,9	527,5	420,5
Griðavíkurhöfn	216,7	108,6	51,0	108,1	49,9%	10,3	151,5	69,9%	1,60%	379,0	50,2	60,0	265,6	41,2	0,8	93,9	68,2
Gundarfjarðarhöfn	92,8	48,2	19,2	44,6	48,1%	6,6	46,2	49,8%	1,39%	173	8,0	-	186,8	135,2	16,9	43,5	36,2
Hafnarfjarðarhöfn	514,2	344,0	170,1	170,2	33,1%	59,0	81,2	15,8%	1,27%	33,675,4	89,1	195,2	2.853,5	172,8	1,9	173,6	63,4
Hafnasamlag Norðurlands	482,8	262,8	146,1	220,0	45,6%	49,6	63,2	13,1%	1,60%	260,9	16,9	109,2	1.147,1	223,8	13,2	214,0	158,6
Hafnir Dalvíkurbyggðar	110,3	75,5	30,9	34,8	31,6%	6,6	68,2	61,8%	1,60%	0,9	6,6	27,2	118,8	67,2	10,2	38,1	31,0
Hafnir Fjallabyggðar	146,8	80,0	42,1	66,8	45,5%	14,0	101,7	69,3%	1,60%	-	51,0	38,2	218,5	98,6	1,9	69,2	53,2
Hafnir Ísafjarðarbæjar	263,1	143,4	74,1	119,7	45,5%	18,5	101,3	38,5%	1,58%	177,9	70,5	-	564,9	42,6	0,6	110,9	88,2
Hafnir Langanesbyggðar	75,5	44,5	18,1	31,0	41,1%	16,8	35,4	46,9%	1,40%	172,6	7,0	-	202,4	14,6	2,1	26,7	8,4
Hafnir Norðurlings	76,2	90,4	46,9	14,2	-18,6%	40,4	22,0	28,9%	1,60%	188,8	803,1	4,8	537,6	8,0	0,0	28,2	54,8
Hafnir Snæfellsbæjar	182,0	105,8	61,0	76,2	41,9%	15,9	118,3	65,0%	1,60%	-	15,1	-	608,2	109,8	7,3	79,1	63,3
Hafnir Vesturbýggðar	103,0	89,9	25,1	13,1	12,7%	13,7	31,1	30,2%	1,60%	201,3	55,1	-	245,7	23,6	0,4	4,2	12,9
Hornafjarðarhafnir	139,1	117,4	51,1	21,7	15,6%	16,3	62,6	45,0%	1,60%	14,6	7,2	46,5	324,6	116,1	16,1	23,6	4,0
Höfnavíkurhöfn	12,7	12,1	0,1	0,6	4,7%	1,8	4,5	35,4%	1,75%	17,6	34,8	-	44,5	-	-	0,2	2,3
Hvammstangarhöfn	5,5	7,2	-	1,7	-30,9%	1,2	1,7	30,9%	1,60%	28,4	68,0	-	14,0	1,6	0,0	3,3	5,3
Kópavogshöfn	25,1	20,4	12,0	4,7	18,7%	11,7	0,3	1,2%	1,60%	410,5	29,6	-	359,3	1,6	0,1	7,9	39,7
Reykjahöfn	4,9	6,5	-	1,6	-32,7%	2,3	0,3	0,0%	1,60%	7,1	-	-	20,6	0,9	-	1,7	4,0
Reykjaneshöfn	250,9	214,3	91,3	36,6	14,6%	45,0	42,2	16,8%	1,60%	5.394,7	2.553,9	77,0	2.784,6	213,7	0,1	100,0	396,6
Sandgerðishöfn	73,0	68,3	34,5	4,7	6,4%	7,3	41,8	57,3%	1,60%	390,4	127,6	45,4	122,4	17,4	0,1	7,5	33,8
Sevðisfjarðarhöfn	168,8	90,0	19,6	78,8	46,7%	16,2	45,3	26,8%	1,60%	46.285,4	42,2	-	185,5	159,6	3,8	78,6	58,0
Skagafljótshöfn	96,6	59,0	27,7	37,6	38,9%	10,4	39,2	40,6%	1,60%	87,7	12,3	5,3	253,8	86,0	7,0	37,1	21,8
Skagastrandarhöfn	63,4	29,5	13,1	33,9	53,5%	6,5	47,0	74,1%	1,60%	-	2,4	-	110,5	112,9	47,0	33,9	27,3
Snykkshólmshöfn	51,8	28,5	12,8	23,3	45,0%	5,0	12,4	23,9%	1,60%	54,6	15,0	-	81,1	11,7	0,8	20,4	13,9
Súðavíkurhöfn	11,0	7,0	4,7	4,0	36,4%	1,1	4,5	40,9%	1,60%	-	15,1	-	15,3	1,4	0,1	4,0	2,8
Tálknafjarðarhöfn	15,3	8,8	3,5	6,5	42,5%	1,8	187,9	0,0%	1,38%	23,1	1,3	-	49,4	9,7	7,5	6,3	4,0
Vestmannaeyjahöfn	503,6	325,7	183,6	177,9	35,3%	29,0	0,0%	0,0%	1,40%	34,9	20,6	204,5	1.251,0	374,6	18,2	211,8	154,7
Vogahöfn	3,0	0,5	0,5	2,5	83,3%	9,4	33,8	29,3%	1,40%	234,4	27,6	-	255,5	240,4	8,7	79,2	64,1
Vopnafjarðarhöfn	115,5	23,7	15,1	91,8	79,5%	9,4	57,5	30,9%	1,40%	28,7	14,7	19,7	374,2	134,7	9,2	30,8	8,9
Þorlákshöfn	186,3	157,3	50,6	29,0	15,6%	22,5	57,5	30,9%	1,40%	10.114,3	4.697,1	953,3	27.844,2	6.207,2	909,5	3.188,8	1.799,4
Samtals	8.173,3	4.852,9	2.204,5	3.320,4	40,6%	1.339,7	1.989,7	24,3%	1,40%	10.114,3	4.697,1	953,3	27.844,2	6.207,2	909,5	3.188,8	1.799,4